



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Benijófar

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar :

133,42 m²

Stærð lóðar :

192 m²

Flugvöllur :

30 min

Strönd :

20 min

Borg :

5 min

Golf :

10 min

✓ Verönd

✓ Innbyggð loftkæling

Þetta glæsilega tveggja hæða einbýlishús er staðsett í hinum hefðbundna Spænska bæ Benijófar, u.þ.b. 15 mín keyrsla frá Torrevieja.

Húsið sem er 133,42m² er með 3 svefnherbergjum með innbyggðum fataskápum og 3 baðherbergjum. Bjart og rúmgott alrými með eldhúsi, borðstofu og stofu en þaðan er gengið út í fallegan stóran garð þar sem léttilega væri hægt að bæta við sér sundlaug, úr garðinum er svo hægt að ganga út í glæsilegan sameiginlegan garð með barnalaug, annarri stærri sundlaug, nuddpotti og grænum svæðum þar sem kjörið er að njóta sólarinnar sem skín í meira en 300 daga á ári. Einnig stendur kaupendum til boða að bæta við þaksvölum gegn vægu gjaldi sé þess óskað.

Einstaklega vel staðsett eign þar sem öll nauðsynleg þjónusta er í göngufæri svo sem, veitingastaðir, bankar, apótek, heilsugæsla, barir og skóli, sem gerir sem gerir þetta að fullkomnum stað til að finna nýtt heimili á Spáni hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Einnig er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 holu golfvöll með allt til alls fyrir golfspilarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torrevieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífínu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torrevieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 30 mínútur frá flugvöllinum í Alicante.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!